

Bókun

Vegna tillagna sem komið hafa fram í verkefnisstjórn um fækkun virkjunarkosta sem eru til skoðunar í 2. áfanga rammaáætlunar vill Faghópur 2 koma eftirtöldu á framfæri. Faghópurinn hefur nú þegar í sinni vinnu komist að þeirri niðurstöðu að virði eftirfarandi svæða er það mikið fyrir útvist og ferðapjónustu að þar skuli ekki virkjað. Ljóst er að ekki er um tæmandi lista þar sem vinnan er skammt á veg komin og má búast við að fleiri svæði bætist við á síðari stigum.

- a. Svæðið milli Hofsjökuls og Langjökuls frá byggðamörkum í suðri að Seyðisá í norðri, (þ.m.t. Gullfoss, Hagavatn og Kerlingafjöll).
- b. „Fjallabakssvæðið“ þ.á.m. Markarfljótsgljúfur, Torfajökulssvæðið, Friðland að Fjallabaki og Hólmsárlón.
- c. Langisjór.
- d. Hálendið norðan Vatnajökuls ; Askja, Kverkfjöll, Hnúthálsar og Fermrinámar.
- e. Jökulsá á Fjöllum.
- f. Svæðið norðan og vestan Leirhnúks til og með Gjástykki.
- g. Vonarskarð.
- h. Aldeyjarfoss í Skjálfandafljóti.

Samþykkt á fundi faghóps 2 þann 30. sept. 2009